

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Halldóru Mogensen um skerðingar lífeyris almannatrygginga.

- Hversu mikið hafa greiðslur úr ríkissjóði til lífeyrisþega lækkað vegna fjármagnstekna maka þeirra eða barna samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007? Svar óskast sundurliðað eftir árum sl. þrjú ár ásamt áætlun yfirstandandi árs. Enn fremur er óskað eftir sundurliðun eftir greiðsluflokkum almannatrygginga og því hvort um er að ræða fjármagnstekjur maka, barna eða lífeyrisþeganna sjálfra.*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Tryggingastofnun eru fjármagnstekjur samsköttunaraðila taldar fram saman í skattframtali og því ekki sundurliðaðar á einstaklinga. Getur Tryggingastofnun því ekki séð hvor aðilinn sé eigandi þess andlags sem skapar fjármagnstekjurnar eða hvort um sameign sé að ræða. Helmingur fjármagnstekna er reiknaður hvorum aðila fyrir sig og kemur einungis hluti lífeyrisþegans til útreiknings fjármagnstekna. Er það einnig í samræmi við 5. mgr. 22. gr. og 6. mgr. 30. gr. laga um almannatryggingar þar sem fram kemur að tekjur maka lífeyrisþega hafa ekki áhrif á útreikning á fjárhæð lífeyris. Þó skulu fjármagnstekjur, þ.e. tekjur skv. C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt, skiptast til helminga milli hjóna við útreikning lífeyris. Skiptir ekki máli hvort þeirra er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða. Teljast því fjármagnstekjur maka ekki hafa áhrif á útreikning á fjárhæð bóta og þar af leiðandi hafa greiðslur til lífeyrisþega ekki lækkað vegna tekna maka, sbr. einnig svar- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni á yfirstandandi löggjafarþingi á þingskjali 1610, 667. mál.

Hvað varðar fjármagnstekjur barna þá eru fjárhæðir í þeim reit á skattframtali sem inniheldur vexti af innstæðum og verðbréfum barna ekki sóttar af Tryggingastofnun. Fjármagnstekjur barna hafa því ekki lækkað greiðslur til lífeyrisþega séu þær skráðar þannig á skattframtal.

- Hver yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs við almannatryggingakerfið miðað við fjárlög fyrir árið 2023 ef hætt yrði að skerða greiðslur almannatrygginga vegna eigin tekna lífeyrisþega? Svar óskast sundurliðað eftir tegund tekna lífeyrisþega annars vegar og greiðsluslokkum almannatrygginga hins vegar.*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Tryggingastofnun yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs fyrir árið 2023 um 85,2 milljarðar kr. ef eigin tekjur lífeyrisþega hefðu ekki áhrif til lækkunar á greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og á greiðslum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Sú aðferð var notuð að byggja á tölum fyrir janúarmánuð 2023 og margfalda þær með tólf.

Í töflu 1 er sundurliðun eftir helstu greiðsluslokkum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Hver dálkur sýnir kostnað ríkissjóðs af því ef tilteknar tekjur yrðu undanþegnar við útreikning á fjárhæð greiðslna almannatrygginga. Þannig sýnir

fyrsti dálkurinn útgjaldaauka ríkissjóðs ef tekjur hefðu ekki áhrif á fjárhæð greiðslna, annar dálkur sýnir útgjaldaauka ef lífeyrissjóðstekjur væru undanskildar við útreikning á fjárhæð greiðslna og aðrar reglur óbreyttar og hið sama á við um dálkana þar á eftir.

Tafla 1: Áætluð árleg kostnaðarhækkun ríkissjóðs í milljónum króna, ef tilteknar tekjutengingar yrðu afnumdar, sundurliðað eftir greiðsluflokum.

	Áætluð hækkun útgjalda ríkissjóðs á ársgrunni 2023 ef tilteknar tekjutengingar yrðu afnumdar í milljónum króna				
	Ef allar tekjutengingar afnumdar	Ef ekki lækkað vegna lífeyris-sjóðstekna	Ef ekki lækkað vegna atvinnutekna	Ef ekki lækkað vegna fjármagnsteckna	Ef ekki lækkað vegna annarra tekna
Órorkulifeyrir	517	-	481	39	10
Aldurstengd örorkuuppbót	297	-	287	14	4
Tekjutrygging örorkulifeyrisþega	10.026	7.944	1.486	276	61
Sérstök uppbót til framferslu örorkulifeyrisþega	8.095	4.829	1.973	154	77
Heimilisuppbót (örorkulifeyrir)	863	729	102	14	4
Barnalifeyrir	-	-	-	-	-
Órorkustyrkur	6	-	-	-	-
Endurhæfingarlífeyrir	30	-	28	2	2
Tekjutrygging endurhæfingarlífeyrisþega	829	666	89	33	26
Aldurstengd örorkuuppbót endurhæfingarlífeyrisþega	10	-	10	0	0
Sérstök uppbót til framferslu endurhæfingarlífeyrisþega	826	353	348	26	15
Heimilisuppbót (endurhæfingarlífeyrir)	69	58	6	1	2
Elliðifeyrir	59.554	55.472	1.014	3.368	106
Heimilisuppbót (elliðifeyrir)	3.807	3.636	34	180	8
Félagslegur viðbótarstuðningur við aldraða	36	-	-	-	-
Ráðstöfunarfé (elliðifeyrir)	181	-	-	-	-
Uppbætur	77	-	-	-	-
Samtals	85.223	73.686	5.857	4.107	314

3. Hver yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs við almannatryggingakerfið miðað við fjárlög fyrir árið 2023 ef örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark fyrir alla greiðsluflokka sem miðaði annars vegar við 4.200.000 kr. og hins vegar 6.000.000 kr. á ári, óháð tegund tekna? Svar óskast sundurliðað eftir tegund tekna lífeyrisþega annars vegar og greiðsluflokum almannatrygginga hins vegar.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs fyrir árið 2023 ef örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark, 4.200.000 kr. á ári fyrir alla greiðsluflokka, alls um 16,6 milljarðar kr., en alls um 19 milljarðar kr. ef frítekju-markið væri 6.000.000 kr. á ári fyrir alla greiðsluflokka.

Í töflu 2 er sundurliðun eftir greiðsluflokum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Tafla 2: Árlegur kostnaður ríkissjóðs ef örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark fyrir alla greiðsluflokka óháð tegund tekna, annars vegar 4.200.000 kr. og hins vegar 6.000.000 kr. á ári.

Árlegur kostnaður ríkissjóðs í milljónum króna við tiltekið frítekjumark	4.200.000	6.000.000
Tekjutrygging örorkulifeyrisþega	7.396	8.622
Órorkulifevrir	196	325
Heimilisuppbót (endurhæfingarlífeyrir)	46	56
Heimilisuppbót (örorkulifeyrir)	710	796
Sérstök uppbót til framferslu örorkulifeyrisþega	6.868	7.513
Aldurstengd örorkuuppbót	115	190
Tekjutrygging endurhæfingarlífeyrisþega	550	669
Endurhæfingarlífeyrir	20	27
Sérstök uppbót til framferslu endurhæfingarlífeyrisþega	679	748
Aldurstengd örorkuuppbót endurhæfingarlífeyrisþega	7	9
Samtals	16.587	18.955